barna, því að það er bæði sæmilegt þjer og oss, enn þrá ekki eptir þessa leingur, fyrir því, að aldrei fer þú hana, meðan þú lifir, því að svo er hún lángt í burtu. Móðir, sagði hann, lifir hún? já, sagði hún, og máttu það sjá: ljet hún taka lokið af steinþrónni, og var þar ekki nema í; og af því þóttist hann vita, að hún mundi lifa; varð hann nú mjög feiginn, og kvaðst aldrei skyldi ljetta fyrr enn hann fyndi hana, og þartil hafði hann fullann vilja; finn-st það og skrifað, að sá er sanna ást hefur og skenka með elskhuga, þá má hann vinna sl-íkt er hann vill, eptir sem votta Pallades og Plató. Var Flóres nú kátur, er Blankiflúr lifði, og segir nú til föður síns: að þarfleisu gjörðir þú þetta ráð, því að jeg vil aungva ko-nu eiga nema Blankiflúr; þessu næst bið-ur Flóres konúnginn leifis, að leita eptir Blankiflúr, enn hann tók að ógleðjast, og last-aði ráð drottníngar, að hún var seld, og þó að hann -dauð manka vildi hann fyrir hana gjöra ogalt þol, og alt það er hann fyrir þá. Konúngur mælti til Flóres: son minn, segir hann, ver glaður og kátur og far ekki frá þínum föð-ur; enn hann sór, að hann skyldi hennar leita: "kjemur ég því fyrr aptur, sem þjer st-yrkið meir mína ferð. Konúngur segir: með því móti, að þú vilt ekki aptur þessu ráði, þá seig þú mjer, hvað þú þykist þurfa til þessarar ferðar? þakkaði hann þá föður sín-um og mælti: ég segir yður mitt ráð: ég bið, að þjer fáið mjer átta hesta og hafi tveir klj-fjar af gulli og sjélfri og góðum gjafar-kjerunum, hinn þriðja af mótuðum peníngum, fjórða og fimmta af dýrum klæðum, sjötta og sjöunda af góðum gráskinnum og safala-undir, hinn áttunda með hreint brent silfur; og mann með hverjum hesti, og einn svein með hverjum hinna, og einn vaskann mann, að halda á vorn gózi, og góðan tjelk, er ku-nni margar túngur; vil jeg kallast kaupm-aður; enn ef jeg mætti finna Blankiflúr, þá man vera óspart gull og sjélfur, meðan til er. Ljet konúngur nú búa ferð sonar síns, og